

12. apríl 2006

Minnisblað um grunnskipti í apríl 2006

Grunnur vísitölu neysluverðs er endurnýjaður í apríl á hverju ári. Um leið eru aðferðir við verðmælingar og útreikninga endurskoðaðar. Vísitala í apríl er þannig reist á nýjum grunni sem byggist á þriggja ára meðaltali heimilisútgjalda samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimila árin 2002-2004. Árleg grunnskipti leiða til þess að ekki verða verulegar breytingar á skiptingu útgjalda frá einu ári til annars.

Helstu breytingar sem orðið hafa á samsetningu útgjalda í grunni vísitölunnar, eru þær að hlutur ferða og flutninga eykst úr 13,1% í 16,9%. Þetta stafar aðallega af því að bílannflutningur hefur aukist mjög á því þriggja ára tímabili sem nú er miðað við og sama á við um útgjöld til kaupa á eldsneyti. Á móti minnkar vægi annarra liða; vægi matar og drykkjar minnkar úr 14,2% í 13,3% og hlutur eigin húsnæðis minnkar úr 17,2% í 16,8%.

Við endurskoðun á vogum fyrir dagvöru í grunni vísitölunnar er stuðst við niðurstöður árána 2003-2005. Vegna aukinnar hlutdeildar svonefndra lágvöruverðsverslana á tímabilinu hefur þetta endurmat leitt til lækkunar vísitölunnar um 0,03% í apríl.

Aðferðir við verðmælingu og útreikning á verði á millilandaflugi hafa verið bættar. Verðsöfnunin nær nú eingöngu til netfargjalda en Hagstofan hefur um nokkurt skeið safnað upplýsingum um þau á netinu. Netfargjöldin eru tekin inn í vísitölugrunninn í apríl og umfang verðsöfnunarinnar aukið enn frekar. Á síðustu tólf mánuðum hefur verð á netfargjöldum lækkað umfram verðbreytingar sem þegar hefur verið tekið tillit til í vísitölu neysluverðs. Í þessu felst nær 10% ofmat á verðbreytingu þessara fargjalda (vísitöluáhrif 0,11%) og er það leiðrétt nú. Aðrar breytingar á vogum hafa sem slíkar ekki áhrif á verðmælinguna í apríl.

Aðferðir við útreikning fasteignavísitölunnar, sem notuð er við útreikning á eigin húsnæði í vísitölu neysluverðs, hafa verið endurskoðaðar og sérstök áhersla verið lögð á að taka enn betur tillit til gæðabreytinga en verið hefur.

Aðferðabreytingarnar eru eftirfarandi:

- Við útreikning á meðalverði hefur verið tekið upp margfeldismeðaltal en það er notað við útreikning á meðalverði í grunni vísitölu neysluverðs.
- Höfuðborgarsvæðinu hefur verið skipt í tvennt við útreikninginn, í eldri hluta sem nær aðallega til íbúða byggðra fyrir árið 1975 (póstnúmer 101-109) og nýrri/ytri hluta sem nær til nýjustu hverfanna í Reykjavík og til nágrannasveitarfélaganna. Eftir þessa breytingu fjölgar

undirvísitölum sem notaðar eru við útreikning fasteignavísitölunnar úr 16 í 26.

- Vogir sem notaðar eru við útreikning vísitölunnar eru nú miðaðar við verðmæti seldra eigna á öllu landinu undanfarin þrjú ár í stað voga sem byggjast á fjölda seldra eigna.
- Vísitala fasteignaverðs er nú reiknuð sem afburðavísitala þar sem vogirnar sem notaðar eru, miðast við meðaltal þriggja undanfarinna ára og breytast mánaðarlega. Verðmætið sem notað er til að fá eldri vögina (Laspeyres) er frá 2002-2005 og fyrir nýrri vögina (Paasche) frá 2003-2006.

Þessar aðferðabreytingar hafa ekki áhrif á niðurstöðu verðmælingarinnar í apríl. Þann 3. maí verður gefið út hefti Hagtíðinda um vísitölu neysluverðs þar sem nánar verður fjallað um þær.